

Ávarp stjórnarformanns Fjármálaeftirlitsins á ársfundi þess þann 26. nóvember 2009

Hæstvirtur ráðherra, herra sendiherra, og aðrir gestir. Verið velkomin á þennan ársfund Fjármálaeftirlitsins.

Sú stjórn sem nú situr var skipuð af ráðherra þann 6. febrúar á þessu ári eftir að fyrrverandi stjórn og forstjóri höfðu sagt af sér. Að sjálfsgöðu hafði það ástand sem þá var uppi mikil áhrif á störf jafnt stjórnar sem og starfsmanna FME. Það þarf ekki að orðlengja um þær sérstöku aðstæður sem uppi voru en mikið hafði gengið á og stór skref stigin til að tryggja áframhaldandi bankastarfsemi í landinu og var það mikið þrekvirki sem þá var þegar unnið. Vandamál voru þó enn til staðar í fjármálakerfinu og reyndist nauðsynlegt að grípa til ráðstafana og taka yfir rekstur SPRON, Straums og Sparisjóðabankans.

Þá var áfram unnið að uppbyggingu fjármálakerfisins og hefur mikið áunnist á þeirri vegferð þótt henni sé enn ekki lokið.

Gunnar Þ. Andersen var ráðinn forstjóri í apríl síðast liðnum en fram að þeim tíma hafði Ragnar Hafliðason, aðstoðarforstjóri, sinnt starfskyldum forstjóra af dugnaði og trúmennsku. Honum ber að þakka sérstaklega fyrir hans framlag og er ekki efi í mínum huga að á þessum erfiðu tímum var hann það afl sem hélt stofnuninni saman og gangandi. Gunnar Þ. Andersen hefur þegar sýnt að hann er starfinu vel vaxinn og mikill happafengur að fá hann sem forstjóra.

Mikið umrót hefur verið í rekstrarumhverfi Fjármálaeftirlitsins frá bankahrúninu á árinu 2008. Því hefur þurft að endurskoða rekstraráætlanir stofnunarinnar oftar en áður undanfarin misseri.

Á árinu 2008 námu heildargjöld Fjármálaeftirlitsins alls rúmlega 1.069 m.kr. en tekjur alls 961 m.kr. Þar af voru tekjur af eftirlitsgjaldi um 913 m.kr. Sérstakt framlag ríkisins undir

lok ársins, á grundvelli svonefndra neyðarlaga, nam 549 m.kr. Því varð tæplega 441 m.kr. tekjuafgangur af rekstri Fjármálaeftirlitsins á árinu 2008.

Samkvæmt rekstraráætlun líðandi árs er gert ráð fyrir að heildargjöld á árinu verði alls um 954 m.kr. en tekjur alls tæpar 779 m.kr. Þar af eru áætlaðar tekjur af eftirlitsgjaldi alls 766 m.kr. Áætlaður tekjuhalli á árinu er því um 175 m.kr. Að teknu tilliti til eigin fjár í ársbyrjun er þó gert ráð fyrir að eigið fé stofnunarinnar verði jákvætt um 115 m.kr. í árslok 2009.

Rekstraráætlun ársins 2010 kemur væntanlega bráðlega til umfjöllunar hjá viðskiptanefnd Alþingis vegna stjórnarfrumvarps til breytinga á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir að heildargjöld ársins verði 1.111 m.kr. og heildartekjur 1.034,5 m.kr.

Breyttar aðstæður vegna hruns bankanna hafa kallað á breytt verklag og nýjar áherslur í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Aukið álag, t.d. vegna umfangsmikilla rannsókna hefur leitt til aukins samstarfs við ýmsar aðrar stofnanir í samfélaginu. Til að tryggja að mál gangi fljótt og vel fyrir sig hefur samstarfinu verið víða komið í traustari farveg t.d. með sérstökum samstarfssamningum. Nægir í því sambandi að nefna aðila eins og embætti sérstaks saksóknara, efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra, Seðlabankann og ríkisskattstjóra. Skal öllum þessum aðilum þakkað gott og árangursríkt samstarf.

Þá hefur stofnunin einnig litið innávið hvað varðar umbætur. Nýlega samþykkti stjórn nýtt skipurit fyrir FME. Von okkar er að hið nýja skipurit dreifi ábyrgð, skerpi áherslur og tryggi enn frekar gott verklag í allri starfsemi stofnunarinnar.

Í lok mars á þessu ári skilaði Kaarlo Jännäri gagnmerkri skýrslu um regluverk og eftirlit með fjármálastarfsemi og lagði fram áhugaverðar tillögur til úrbóta. Nú þegar hafa verið stigin skref sem eru í anda þeirra tillagna. Eitt af þeim atriðum sem Jännäri nefnir í skýrslu sinni er að Fjármálaeftirlitinu verði veittar skýrar valdheimildir. Með svokölluðum neyðarlögum eru FME veittar miklar tímabundnar heimildir en ljóst er að þegar aðstæður verða aftur eðlilegar er nauðsynlegt að huga að þessum þætti til að tryggja að stofnuninni verði gert kleift að rækja skyldur sínar í framtíðinni. Þá verður að tryggja að fjárframlög til

Fjármálaeftirlitsins verði í samræmi við umfang þeirra verkefna sem því eru falin. Þrátt fyrir að fyllsta aðhalds sé þörf í öllum opinberum rekstri getur það reynst skammgóður vermir að sníða eftirlitinu of þröngan fjárhagslegan stakk.

Annað atriði sem Jännari nefnir í skýrslu sinni og nokkra umfjöllun hefur hlotið er að færa hluta eftirlitsins, eða eftirlitið allt, annað hvort undir Seðlabankann eða að flytja Seðlabankann og eftirlitið undir sömu yfirstjórn. Með nýlegum breytingum á stjórnarráðinu, þar sem Seðlabankinn var fluttur undir efnahags- og viðskiptaráðuneytið, hefur verið stigið skref í þessa átt. Hvort og hvernig lengra skuli haldið í bili er álitaefni sem þarf að skoða mjög vandlega. Fjármálaeftirlitið hefur fyrir sitt leyti verið opið fyrir öllum þeim tillögum um framtíðarfyrirkomulag þessara mála sem til heilla horfa fyrir efnahagslífið og þjóðina. Þegar litið er til nágrannalandanna er misjafnt hvernig þessum málum er fyrirkomið og FME er sjálft að kanna hvaða fyrirkomulag gæti hentað okkur Íslendingum best miðað við reynslu annarra. Það er mikilvægt að FME komi að stefnumótun um framtíðarfyrirkomulagið með beinum og opinskáum hætti enda er innan þess mest þekking og reynsla af þessum málum hér á landi. Þá má ekki gleymast að eftirlitshlutverk FME er margþætt og snýr ekki einungis að bankarekstri. Lánasvið, váttryggingasvið, verðbréfasvið og lífeyris- og verðbréfasjóðasvið hafa öll þurft að glíma við stór mál og eru öll jafn mikilvæg til að tryggja heilbrigða og örugga fjármálastarfsemi í landinu. Í þessu sambandi má nefna að eftirlitsskyldir aðilar eru um 117 talsins nú um stundir og eru þá ekki meðtalin fjármálafyrirtæki í greiðslustöðvun og verðbréfa- og fjárfestingasjóðir.

Framundan eru krefjandi verkefni. Varast ber að láta skammtímasjónarmið ráða varðandi ákvarðanir er varða uppbyggingu fjármálakerfisins og starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Trúlega hefur sjaldan verið mikilvægara en einmitt nú að tryggja sjálfstæði stofnunarinnar þannig að hún geti starfað óháð viðskiptalegum og pólitískum afskiptum.

Það er ljóst að ég mun brátt láta af störfum sem formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins. Þetta hefur verið áhugaverður tími og oft hefur þurft að taka erfiðar ákvarðanir. Fjölmargir hafa lagt hönd á plóg við þessi erfiðu verkefni. Það er ekki alltaf svo að þeir sem mest leggja á sig fái tilhlýðilega viðurkenningu og þakkir fyrir störf sín og starfsmenn

Fjármáleftirlitsins hafa oft þurft að sitja undir óvæginni og ranglátri gagnrýni án þess að geta borið hönd fyrir höfuð sér.

Á síðustu misserum hefur mikið verið rætt um ábyrgð og hlutverk í tengslum við hrun bankanna. Í mínum huga er ljóst að margir bera ríka ábyrgð á því hvernig fór og ekki síður á þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið í kjölfarið. Öll mannanna verk má að sjálfsögðu gagnrýna og oft er erfitt að greina á milli mistaka, sem eru mannleg, og ákvarðana sem þjóna frekar hagsmunum ákveðinna einstaklinga og aflu en þjóðarheill. Það gerir uppbyggingarstarfið erfiðara ef þeir sem ábyrgð bera á vandræðunum hafa of mikið að segja um hvernig staðið skuli að verki. Þrátt fyrir að nauðsynlegt sé að sem flestir leggist á árarnar er oft og tíðum nauðsynlegt að skipta um áhöfn þegar illa gengur. Það má ekki gleymast að það eru gríðarlegir hagsmunir í húfi.

Það má ekki misskilja orð mín svo að ég telji alla þá sem starfað hafi á fjármálamörkuðum á síðustu árum óhæfa til starfa, -síður en svo. Það þarf hins vegar að vera yfir skynsamlegan vafa hafið að hagsmunaárekstrar valdi ekki meiri óskunda en orðið er.

Við núverandi endurskipulagningu og uppbygginu er í raun verið að gefa upp á nýtt og það er nauðsynlegt að stokka spilin vel og tryggja að það sé ekki vitlaust gefið.

Ég vil að endingu þakka samstarfsfólki mínu, starfsmönnum Fjármálaeftirlitsins og stjórnarmönnum, fyrir vel unnin störf.